

Alþingi
Erindi nr. P 130/1081
komudagur 24.2.2004

Umhverfisnefnd Alþingis
B.t. Sigrún Brynja Einarsdóttir
Alþingi, 150, Reykjavík.

Reykjanesbæ 23. febrúar 2004

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Undirritaður vill f.h. Ferðamálasamtaka Suðurnesja þakka fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um þessa þingsályktunartillögu.

Fjallað verður einungis um þann hluta þingsályktunarinnar sem snýr að Reykjanesi þ.e. starfssvæði Ferðamálasamtaka Suðurnesja.

Tillagan gerir ráð fyrir því að friðlýsa allt ysta SV-svæði Reykjanessins alls um 113 km² sem **náttúruvætti**. *Íslensk orðabók* frá 1988 skilgreinir orðið náttúruvætti á eftirfarandi hátt: „**Friðlýstur staður (t.d. gígur, hver, foss) eða annað í náttúrunni sem nýtur sérstakrar náttúruverndar og ekki má hrófla við eða breyta.**”

Ferðamálasamtök Suðurnesja fagna allri viðleitni til náttúruverndar og telja rétta stefnu að vinna á langtímamaplani á þessu sviði eins og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir. Til að náttúruverndaráætlun eins og sú sem hér er til skoðunar öðlist trúverðugleika þarf hún þó ekki aðeins að vera í sátt við ströngustu túlkanir náttúruverndar heldur þarf einnig að taka inn í þá mynd þá uppbyggingu sem nauðsynleg er á þeim svæðum sem náttúruverndin nær yfir beint og óbeint.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Suðurnesjamenn hafa um mörg ár byggt upp ferðaþjónustu og atvinnuvegi í fullri sátt við umhverfi sitt og þannig náð að samnýta náttúruleg gæði og náttúruvernd með mjög árangursríkum hætti. Í því sambandi má nefna Bláa-Lónið, virkjunina í Svartsengi og fleira. Það langtímamarkmið er enn efst í huga Suðurnesjamanna við náttúruvernd að tengja saman nýtingu og verndun eins og kostur er án þess að skaða umhverfið.


Það svæði sem þessi þingsályktun nær til er stærsti hluti háhitasvæðisins á utanverðu Reykjanesi sem jafnframt er eitt helsta orkuöflunarsvæði Hitaveitu Suðurnesja hf. Það eru einnig mikil áform uppi af hálfu Suðurnesjamanna að nýta sér ægifygurð þessa svæðis til að efla ferðaþjónustuna á Suðurnesjum. Ef þær áætlanir nefndasviðganga eftir sem þessi þingsályktun gerir ráð fyrir þá er nokkuð ljóst að allar hugmyndir um einhverjar framkvæmdir á þessu svæði eru háðar samþykki Umhverfisstofnunar. Það er ekki ásættanlegt af hálfu Ferðamálasamtaka Suðurnesja að setja allar hugmyndir um uppbyggingu á Suðurnesjum í slík bönd hafta og kerfishugsunar sem þessari skipan mála munu fylgja. Að mati Ferðamálasamtakanna er betri lausn að friða einstök svæði og má þar nefna Hafnarbergið, Sandvíkina, einstaka hraunmyndanir og hverir frá náttúrunnar hendi eins og Gunnhver og fl.

Ferðamálasamtökin leggja það til að gerðar verði grundvallarbreytingar á þingsályktunartillögunni í fullu samráði við þá aðila sem hér starfa eins og sveitarfélögin, Hitaveitu Suðurnesja hf., Ferðamálasamtök Suðurnesja og önnur hagsmunasamtök.

Með samstarfi við Suðurnesjamenn um þetta mikilvæga mál fær náttúruverndaráætlunin þann trúverðugleika sem hún verður að hafa til að teljast plagg sem nýtist landi og þjóð inni framtíðina.

Með kærri kveðju,

F.h. Ferðamálasamtaka Suðurnesja.



Kristján Pálsson formaður, Kjarfósa 3, 260 Reykjanesbæ.